



Reykjanesbær, 28. ágúst 2020

Minnisblað

Stapaskóli (mál nr. 2019110200)

Stapaskóli var settur þriðjudaginn 25. ágúst 2020 sem jafnframt var fyrsti skóladagur nemenda. Skipulag skólastarfs verður með þeim hætti fyrstu vikurnar að nemendur á leikskólaaldri verða í nýju skólabyggingunni. Sama á við um nemendur í 1.-4 bekk. Þeir nemendur fá hádegismatinn fullleldaðan og borða inni í tvenndunum þar sem matsalurinn er ekki tilbúinn. Nemendur í 5.-6. bekk verða í tímabundna skólahúsnæðinu (forsniðnu einingunum). Þeir munu borða hádegismatinn þar. Nemendur í 7.-9. bekkjum verða í Keili á Ásbrú og er þeim ekið í skóla á morgnana og heim aftur að loknum skóladegi. Þar fáum við til afnota þrjár skólastofur og skrifstofuaðstöðu fyrir starfsfólk. Nemendur munu fá kynningar á starfsemi Keilis yfir tímabilið og afnot af íþróttasal skólans. Hádegismatur frá Skólamat verður afgreiddur á staðnum.

Þetta fyrirkomulag mun gilda til 25. september en þá er áætlað að aðstaða fyrir nemendur í 5.-9. bekk verði tilbúin í nýju skólabyggingunni.

Unnið er nú að fullnaðarhönnun á áfanga tvö í Stapaskóla sem er íþróttahús og sundlaug og hefur verið myndað hönnunarteymi fyrir þá framkvæmd. Þriðji og síðasti áfangi skólans er lágreist bygging austan við aðalbygginguna en þar verða yngstu börnin á aldrinum 1-5 ára þegar fram í sækir.

Stapaskóli er glæsileg skólabygging og allur aðbúnaður s.s. skólalóð, tæki og húsbúnaður er eins og best verður á kosið. Allir sem komið hafa að undirbúningi og framkvæmd skólans eiga heiður skilinn.

Í Stapaskóla verður lögð áhersla á teymiskennslu og hefur skólinn fengið Dr. Ingvar Sigurgeirsson til aðstoðar við þá innleiðingu.

Eins og fram hefur komið í fyrri kynningum á Stapaskóla þá eru ýmsar nýjungar í áherslum skólans sem ekki verða raktar hér en áhugavert verður að fylgjast með í vetur og í framtíðinni.

Helgi Arnarson, sviðsstjóri fræðslusviðs.